**Fundargerð**
Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 11. febrúar 2013, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson og Egill Sigurgeirsson. Herdís Matthíasdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

## Dagskrá:

**Mál til afgreiðslu:**

1. **1302001 – Suðurbraut 6, umsókn um byggingalóð.**
   Umsókn frá Verklokum ehf, móttekin 31. janúar 2013.

   *Nefndin leggur til að umsóknin verði samþykkt og felur byggingafulltrúa að ganga frá stofnun lóðarinnar. Samþykkt samhljóða.*

2. **1202022 – Álftaland 173216, tillaga að lóð.**
   Tillaga byggingafulltrúa að lóð um Álftaland.

   *Nefndin samþykkir tillögu byggingafulltrúa með fyrirvara um samþykki aðliggjandi lóðarhafa. Samþykkt samhljóða.*

3. **1206034 - Niðurfelling vega af vegaskrá.**
   Erindi frá Vegagerðinni dagsett 1. febrúar 2013.

   *Nefndin ítrekar að vegur að Reykhólum 139639 (Mávatúni) er héraðsvegur að býli utan þéttbýlis skv. aðalskipulagi Reykhólahrepps. Varðandi Karlseyjarveg er heimilt skv. vegalögum 80/2007 grein 8, að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga. Nefndin leggur áherslu á það að um höfnina fara miklir flutningar á sjávarafurðum og aðföngum. Erfitt er að leggja mat á það hvort Karlseyjarvegur geti talist í viðundandi ástandi. Vegurinn er gamall, hann hefur litla sem enga undirbyggingu, hann er mjór og mikið rásaður. Við veginn liggur göngustígur á veghelgunarsvæði sem er illa farinn og nær aðeins að hluta til með veginum. Samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar:**

.

4. **1302002 - Ný skipulagsreglugerð nr 90/2013**
   Skipulagsstofnun 1. febrúar 2013.

   *Kynnt.*

5. **1302003 - Ný lög um menningarminjar 80/2012.**
   Erindi frá Minjastofnun Íslands 9. janúar 2013.

   *Kynnt.*

6. **1106002 - Deiliskipulag frístundabyggða í landi Þórisstaða, Reykhólahreppi.**
   Skipulagsstofnun, samþykkt deiliskipulags dagsett 4. janúar 2013.

   *Kynnt.*

7. **1302004 - 353. fundur stjórnar Hafnarsambands Íslands.**

   *Kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:20.**

__________________________________ ____________________________________

__________________________________ ____________________________________

__________________________________ ____________________________________